

6.3.2018

Umsögn frá skólameistara Flensborgarskólans, vegna máls á 148. löggjafarþingi 2017–2018, þingskjal 64 — 62. mál sem er tillaga til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum. Flutningsmenn eru: Guðjón S. Brjánsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðmundur Andri Thorsson, Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir. Og hljóðar ályktunin sem svo: *Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að sjá til þess að frá og með skólaárinu 2018–2019 verði öllum nemendum í framhaldsskólum landsins tryggt aðgengi að sálfræðipjónustu innan veggja skólanna þeim að kostnaðarlausu. Ráðherra hafi samráð við Kennarasamband Íslands og Sálfræðingafélag Íslands um tilhögun þjónustunnar, m.a. um meðferð sem veitt er, fjölda nemenda á hvern sálfræðing o.fl.*

Undirritaður fagnar framtaki ofantaldra þingmanna en spyr sig um leið

1. Hvort er brýnna að tryggja ókeypis aðgengi innan skólanna eða setja í gagnið forvarnir, svona eins og gert væri ef um slæma pest er að ræða? Það er mikilvægt að skólar hafi aðgang að sálfræðipjónustu en það er líka hægt að sjá fyrir sér forvarnaaðgerðir, s.s. Núvitund, jákvæða menntun, HAM (Hugræna atferlismeðferð), skólabrag, klúbbastarf og fleira, fremur en eingöngu meðhöndla sjúkdómana.
2. Þá spyr ég mig hvers vegna ráðherra á að hafa samband við KÍ um málið? Hvaða hagsmuni á KÍ að sjá um í þessu máli? Ekki verða sálfræðingarnir félagsmenn KÍ. KÍ er ekki málsvari skólanna og er stéttarfélag hluta (stærri hluta) þess hóps sem þar starfar.
3. Ég spyr mig einnig hvort ofangreindir þingmenn hafi ekki kannað stöðu málsins í framhaldsskólum og verkefni sem þar hafa verið í gangi undanfarin ár?
4. Þá véfengi ég að það eigi að koma upp meðferðarkerfi innan skólanna, eins og vikið er að í greinargerð. Skólinn getur verið í samstarfi við heilbrigðiskerfið en hann á ekki að vera meðferðarstofnun nema stjórnvöld séu reiðubúin í að leggja mikla vinnu í endurmenntun starfsmanna og annars konar skipulag en almennt tíðkast í skólum samtímans.
5. Í nýlegri skýrslu menntamálastofnunar má sjá töflu yfir orsakir þess að nemendur hættu í skóla á haustönn 2017. Hún er mjög dæmigerð fyrir umliðin ár. Þar má lesa að um helmingur hættir af ytri aðstæðum og persónulegum ástæðum. Við seinni þáttinn gagnast sálfræðingur en þann fyrri félagsþjónustan. Þá kemur fram að um fjórðungur þeirra sem hættu var vísað frá námi vegna brota á reglum. Þeir sem eftir standa hætta af námslegum ástæðum eða um 17%. Væri ekki ráð að kíkja á það?

Sem fyrr er þessari umræðu fagnað. Að mínu viti þarf að setja þessari hugmynd skýrari ramma, gera hana forvirka frekar en meðferðarmiðaða og ég tel mikilvægt að hafa samráð við stjórnendur skólanna sem hafa þegar verið að nýta sér þessa þjónustu um markmið hennar og eftirspurn. Þessi þjónusta er mikilvæg en hún er ekki skilyrðislaus og hún á að tengjast skólunum en ekki stéttarfélagi kennara.

Með öðrum orðum – það þarf að þarfagreina og skilgreina áður en við förum í að framkvæma. Sú bylgja sálrænna kvilla og sjúkdóma sem nú ríður yfir er þess eðlis að það þarf einnig að komast að rót vandans, samhliða nauðsynlegri greiningu og meðhöndlun.

Með vinsamlegri kveðju

=====

Magnús Þorkelsson/ M Thorkelsson

Skólameistari Flensborgarskóla

<http://www.flensborg.is/maggi/> flensborg@flensborg.is



HEILSUEFLANDI framhaldsskóli

velliðan fyrir alla

Flensborg er heilsueflandi skólinn - fyrst og fremst!